

2025

Vefstefna Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Kópavogsbær

12/02/2025

Útgáfa 3

Efnisyfirlit

Vefstefna Kópavogsbæjar

Markmið	2
Hlutverk vefjarins	2
Tungumál og áreiðanleiki	2
Útlit, hönnun og leiðarkerfi	2
Aðgengi	2
Tæknilegur grunnur og samþætting	2
Öryggi og persónuvernd	3
Markhópar og notendamiðlun	3
Efnisstefna og efnisumsýsla	3
Leit og upplýsingaleit	3
Spjallmennir og sjálfvirk aðstoð	3
Áreiðanleiki og hýsing	4
Framþróun og endurskoðun	4

Markmið

Markmið vefstefnu Kópavogsbæjar er að tryggja að vefir bæjarins séu ávallt traustur og aðgengilegur vettvangur fyrir upplýsingar og stafræna þjónustu. Vefirnir skulu endurspeglar gildi bæjarins – þjónustu, ábyrgð og fagmennsku – og stuðla að heildstæðri, notendavænni og öruggri upplifun fyrir alla notendur.

Hlutverk vefjarins

Vefir Kópavogsbæjar eru lykilfarvegur fyrir upplýsingagjöf og þjónustu sveitarfélagsins. Þeir skulu styðja við hlutverk bæjarins um að tryggja lífsgæði íbúa með því að veita aðgengilegar upplýsingar og stafræna þjónustu. Notendur skulu geta afgreitt erindi sín á vefnum eða fengið skýrar leiðbeiningar um hvernig og hvar þeir fá frekari aðstoð.

Tungumál og áreiðanleiki

Íslenska er aðalmál vefsins. Allt efni skal vera uppfært, samræmt og auðlesið fyrir hinn almenna notanda. Texti skal vera skýr og einfaldur til að tryggja að sjálfvirkar þýðingar nái rétttri merkingu. Upplýsingar skulu vera áreiðanlegar og byggðar á traustum heimildum.

Útlit, hönnun og leiðarkerfi

Vefurinn og öll undirvefsvæði skulu mynda eina heild með samræmdu útliti og hönnun. Merki bæjarins skal vera sýnilegt á öllum síðum. Leiðarkerfi skal vera skýrt og notendavænt, með brauðmolaslóðum og aðgengilegum valmyndum sem virka jafnt á stórum skjám og smátækjum. Vefurinn skal byggja á „mobile-first“ nálgun og virka á öllum helstu tækjum og vöfrum.

Aðgengi

Vefurinn skal uppfylla WCAG 2.2 AA aðgengisstaðal og stefnt skal að lágmarki 92% aðgengiseinkunn samkvæmt Siteimprove. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi fyrir alla, óháð aldri, færni eða tungumálakunnáttu. Þetta felur m.a. í sér skýra fyrirsagnaskipan, aðgengilegan texta, alt-texta fyrir myndir, lýsingu á myndböndum og aðgengisstillingar fyrir leturstærð og litaval.

Tæknilegur grunnur og samþætting

Vefir Kópavogsbæjar skulu byggja á öflugum og sveigjanlegum veflausnum sem styðja við nútímalega efnisvinnslu og samþættingu við önnur kerfi bæjarins, svo sem þjónustugátt, fundargerðakerfi og vefmælingar. Vefurinn skal fylgja alþjóðlegum vefstöðlum og vera í takt við tækniframfarir.

Öryggi og persónuvernd

Vefurinn skal uppfylla viðeigandi öryggisstaðla, s.s. ISO 27001 og NIS, og tryggja örugga meðhöndlun gagna. Notendur skulu hafa skýra yfirsýn yfir meðferð persónuupplýsinga og geta veitt upplýst samþykki fyrir vafrakökum. Ritstjórar skulu nýta örugga innskráningu og öll vinnsla efnis skal skráð og rekjanleg.

Markhópar og notendamiðlun

Vefir Kópavogs skulu þjóna fjölbreyttum hópi notenda, þar á meðal:

- Fjölskyldufólki, börnum og unglingum
- Eldri borgurum og fötluðu fólki
- Íbúum af erlendum uppruna og nýbúum
- Fyrirtækjum, verktökum, fjölmiðlum og stofnunum
- Starfsmönnum, kjörnum fulltrúum og öðrum hagsmunaaðilum
- Gestum, ferðamönnum og íbúum erlendis

Vefurinn skal bjóða upp á möguleika á aðlögun efnis að þörfum notenda, t.d. með því að innskráðir notendur geti nálgast persónubundið efni sem auðveldar aðgengi að mikilvægum upplýsingum.

Efnisstefna og efnisumsýsla

Allt efni á vefnum skal fylgja sameiginlegri efnisstefnu og efnisleiðarvísi. Hver þjónustuflokkur skal hafa sína lendingarsíðu með helstu upplýsingum. Forðast skal að fela mikilvægt efni í viðhengjum (svo sem PDF-skjölum). Texti skal vera skýr, stuttur og vel uppsettur með fyrirsögnum og punktalistum. Efni skal endurskoðað reglulega og ábyrgð á efni og uppfærslum skýr

Leit og upplýsingaleit

Vefurinn skal bjóða upp á öfluga og notendavæna leit sem styður íslenskar beygingar, stafsetningarvillur og sjálfvirkar uppástungur. Leitarniðurstöður skulu vera aðgreindar eftir efnisflokkum og ritstýranlegar. Leitarkerfið skal styðja við að notendur finni upplýsingar hratt og örugglega.

Spjallmenni og sjálfvirk aðstoð

Vefurinn skal bjóða upp á möguleika á netspjalli eða spjallmenni sem veitir svör við algengum spurningum og leiðbeinir notendum um þjónustu bæjarins. Slík lausn skal vera sýnileg, aðgengileg og samþætt við aðra þjónustu vefsins.

Áreiðanleiki og hýsing

Vefurinn skal vera áreiðanlegur og tryggja háan uppitíma. Við breytingar á kerfum skal tryggja samfellu í þjónustu, m.a. með tilvísunum (301 redirects) og öruggri yfirfærslu gagna og sérlausna. Hýsing skal vera innan EES og uppfylla kröfur um öryggi og hraða.

Framþróun og endurskoðun

Vefstefnan er lifandi skjal og skal endurskoðuð reglulega af skrifstofu þróunar og umbóta. Markmiðið er að tryggja að vefir Kópavogsbæjar séu ávallt í takt við þarfir notenda, tækniröfur og þróun í stafrænum samskiptum og þjónustu.